

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 307 25. apríl 1983 um iðgjald til
slysatrygginga skv. 36. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.

1. gr.

3. grein hljóði svo:

Iðgjöld skulu á árinu 1984 nema 0,32% af gjaldstofni skv. 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 36. gr. laga 67/1971 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. maí 1984.***Matthías Bjarnason.***Jón Ingimarsson.*

Nr. 235

REGLUGERÐ

14. maí 1984

um breyting á reglugerð nr. 796/1983 um aukatekjur ríkissjóðs.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Leyfisgjald skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

	Kr.
1. Áfrýjunarleyfi	525
2. Nóvaleyfi	525
3. Leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavígsluskilyrðum	265
4. Lögskilnaðarleyfi	525
5. Ættleiðingarleyfi	265
6. Leyfisbréf til heildsölu	25 800
7. Leyfisbréf til umboðssölu	12 960
8. Leyfisbréf til smásölu	6 360
9. Leyfisbréf til lausaverslunar	5 280
10. Gjald fyrir endurnýjun verslunarleyfis	265
11. Gistihúsaleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	5 280
12. Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi	2 640
13. Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasölualeyfi	1 860
14. Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 11.—13. tl.	265
15. Leyfi til tækifærisveitinga	285
16. a) Leyfi fyrir vínveitingastað til eins árs eða skemur	6 720
b) Leyfi fyrir vínveitingastað til lengri tíma en árs og til og með tveggja ára	11 520
c) Leyfi fyrir vínveitingastað til lengri tíma en tveggja ára	22 440
17. a) Leyfi til vínveitinga (tækifærisveitinga)	295
b) Skemmtanaleyfi, þar sem vínveitingar eru leyfðar	500
18. Iðju- og iðnaðarleyfi	2 640
19. Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti	3 840